



Fjórtdandi stjórnarfundur landsstjórnar DKG haldinn föstudaginn 21. mars 2025, kl. 14.00 – 16.00.

Mættar voru:

Árný Elíasdóttir landsforseti, Málfríður Þórarinsdóttir 1. varaforseti, Rósa Marta Guðnadóttir meðstjórnandi, Ásta Egilsdóttir ritari, Björg Eiríksdóttir gjaldkeri, Guðrún Edda Bentsdóttir fyrrverandi landsforseti var með á Zoom, Vilborg Ása Bjarnadóttir 2. varaforseti var stödd á fundi European Forum og Eygló Björnsdóttir vefstjóri boðaði forföll.

Dagskrá

1. Afmælisþing og aðalfundur - hvað stendur út af?

- Framlengja skráningu á ráðstefnuna til 15. apríl.
- Staðfest að ORF Líftækni mun leggja til gjafir til ráðstefnugesta.
- Rætt um að fá Ingibjörgu Elsu Guðmundsdóttur sem kynni á ráðstefnunni.
- Tónlistaratriði á ráðstefnu og hátíðakvöldverði. Atriðin liggja ekki enn fyrir en ákveðið að athuga með:
 - hvert Karen Sturlaugsson, félagskona í Þetadeild, geti lagt til tónlistaratriði eftir hádegishléð á ráðstefnunni í Salnum.
 - hvert við getum fengið söngkvartettinn **Barbari**??? sem skemmtiatriði á hátíðarkvöldverðinum.
- Mæðradagurinn og afmælisráðstefna DKG ber upp á sama dag og í ljósi þess að samtökin ætli að styrkja Menntunarsjóð mæðrastyrksnefndar í tilefni 50 ára afmælis DKG var ákveðið að bjóða fulltrúum sjóðsins að vera með Mæðrablómið til sölu á ráðstefnunni í Salnum 10. maí.

2. Námsstyrkir og styrkur til aðalfyrirlesara í Brighton

- Bryndís Jóna Jónsdóttir, Gammadeild, verður einn af aðalfyrirlesurum á ráðstefnu European Forum 18.-20. júlí 2025 í Brighton með erindið „Flourishing educators, flourishing education – the importance of educators’ occupational well-being“ Stjórn DKG ákvað að veita henni styrk sem svarar flugfari til ferðarinnar á ráðstefnuna, sbr. reglur Íslenska námsstyrkjasjóðsins: „Þær konur sem fara á þing European Forum eða alþjóðþing og eru með erindi, geta sótt um styrk til fararinnar hjá landssambandsstjórn.“
- Tvær félagskonur í DKG hafa sótt um styrk til Námsstyrkjarnefndar og báðar uppfylla þær öll skilyrði til styrkjar. Styrkupp hæð fyrra tímabils var kr. 400.000 og fór til eins aðila. Stjórn DKG ákvað að hækka framlagið í kr. 500.000 og deila því á milli beggja umsækjenda.

3. Heiðursfélagi

- Sigrún Klara Hannesdóttir og Margrét Gunnarsdóttir Schram, félagskonur Alfadeildar verða heiðraðar á afmælisþinginu sem stofnfélagar DKG á Íslandi.
- Rætt um forsendur þess að heiðra félagskonur fyrir þeirra störf innan DKG. Leitað verður upplýsinga hjá DKG félagskonum sem þekkingu og reynslu hafa á þessu sviði.

- c. Umsögn um að tilnefna Höllu Tómasdóttur forseta Íslands sem heiðursfélaga DKG á Íslandi er enn í ferli. Beðið með frekari lúkningu á málinu þar til allir formenn deilda hafa brugðist við því.

4. Kynningarstarf - Facebook merking

- a. Æskilegt að auglýsing um ráðstefnuna sjáist strax á forsíðu dkg.is þegar farið er inn á vefinn.
- b. Setja saman hvetjandi kynningartexta um mætingu á ráðstefnuna 10. maí og birta hann á Facebook.
- c. Senda kynningartextann einnig til formanna deilda sem senda hann áfram til sinna félagskvenna og hvetja þær til að deila á sínum samfélagsmiðlum og vekja þannig athygli á ráðstefnunni. Ennfermur að fá fleiri nefndir innan DKG til að vekja athygli á ráðstefnunni.
- d. Félagskonur DKG merki sig með merki DKG á prófíl mynd sinni á samfélagsmiðlum.

5. Önnur mál

- a. Ákveðið að kaupa [hálsmen](#) frá hönnuðinum Orra Finn sem gjöf handa Dr. Beverly Hall-Maughan alþjóðaforseta DKG en hún mun heiðra okkur með nærveru sinni á afmælishátíðinni.
- b. Formenn deilda eiga að skila skýrslu deilda fyrir 10. apríl.

Næsti stjórnarfundur verður að Hofakri 5, Garðabæ og á Zoom 16. apríl, 2025 kl. 12.00

Fundi slitið kl. 16.00

Ásta Egils

Ritari DKG 2024 - 2025